

Mánudaginn 8. janúar 2018 kl: 17:00 kom Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps saman til 1. fundar á árinu í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir Jakob, Ólafur, Helgi Hlynur, Helga Erla og Jón.

1. Borgarfjörðureystri.is

Erindi frá Ferðamálahópi Borgarfjarðar um viðhald og endurbætur á heimasíðunni. Hreppsnefndin samþykkir að taka þátt í verkefninu. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

2. Landgræðslan styrkbeiðni.

Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“

Samþykkt að styrkja verkefnið um umbeðna upphæð kr. 24.000

3. Bréf:

a. Um votlendi, Landgræðsla ríkisins.

Borgarfjarðarhreppur styður vernd votlendis og endurheimt þess í samræmi við lög um náttúrvernd nr. 60/2013.

4. Fundargerðir:

a. SSA 11.12.2017. Lögð fram til kynningar.

b. Félagsmálanefnd 12.12.2017. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c. Samband ísl. sveitarfélaga 15.12.2017. Fundarferðin lögð fram til kynningar.

5. Skýrsla sveitarstjóra.

Rætt um vegamál, lagningu ljósleiðara 2018. Enn og aftur hefur framkvæmdum á Borgarfjarðarvegi verið frestað.

Fundi slitið kl. 18.30

Jón Þórðarson ritaði